

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Minni-Borg, lóð 4, landnr. 221537.

Breytingin felur í sér að lóðin Minni-Borg nr. 4, landnr. 221537, stækkar úr 2.250 m² í 3.954 m². Byggingarreitur á lóð stækkar og verður 2.980 m² en þar er gert ráð fyrir að byggð mannvirki á lóðinni megi vera allt að 800 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 19. desember 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. mars 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. mars 2019